

**Nd.**

## **51. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð.

Flutningsm.: Magnús Guðmundsson.

1. gr.

Árin 1932 og 1933 fellur í rikissjóð helmingur þess fjár, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 54, 7. maí 1928, um Menningarsjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Hagur rikissjóðs er svo erfiður og útlitið um afkomu hans svo iskygglegt, að full ástæða er til að hlynna sem mest að honum. Tekjur Menningarsjóðs árið 1930 voru tæpar 70 þús. kr., svo að hér er ekki um mjög óverulega upphæð að ræða, en vitaskuld má búast við mismunandi upphæð frá ári til árs, svo að ekki er unnt að segja, hve mikið er hér um að ræða.